

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um verklagsreglur sem bregðast við rasisma í skóla- og frístundastarfi

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 8. maí 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Óskað er eftir svari við því hvenær fullbúnar verklagsreglur verða tilbúnar sem bregðast við rasisma í skóla- og frístundastarfi. Á fundi skóla- og frístundaráðs var kynnt skýrsla um þá tillögu þar sem fram kom góð umfjöllun um málið og fjallað um mikilvægi verklagsreglna. Á meðan að skýrslan var mjög góð er ekki að sjá að fullmótaðar og skýrar verklagsreglur hafi þar verið settar fram. Því er óskað svara við því hvenær þess sé að vænta og hvar sú vinna muni fara fram, þ.e.a.s hver eða hvaða svið innan borgarinnar komi að því að skrifa verklagsreglurnar?

Svar:

Fulltrúum úr starfshópi um aðgerðaráætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi var, á fundi skóla- og frístundaráðs 8. maí 2023, falið að vinna kostnaðarmat og áætlun um forgangsroðun vegna tillagna starfshóps um aðgerðaráætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi. Í skýrslu starfshópsins er lagt til í tillögu 3., 4. og 5. að útbúnar verði verklagsreglur í viðbrögðum við rasisma og haturstjáníngu. Slíkar verklagsreglur skulu unnar í samstarfi við starfsmenn í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum með umsögn frá foreldrafélögum. Unnið er að kostnaðarmati og áætlun um forgangsroðun tillagna og þess að vænta að niðurstaða liggi fyrir haustið 2023. Verði tillögurnar samþykktar verður hægt að hefja vinnu við að útbúa verklagsreglur.